# Frístundin Demantabær skólaárið 2021-2022

Starfandi er frístundin Demantabær við Lindaskóla sem ætluð er fyrir 1.-4. bekk.
Demantabær er opinn frá kl. 13:20-17:00 mánudaga til föstudags.

Demantabær er opinn alla daga sem grunnskólarnir starfa og einnig allan daginn þrjá af fimm skipulagsdögum Lindaskóla. Starfsmenn Demantabæjar eru með tvo skipulagsdaga á skólaárinu á sama tíma og skipulagsdagar skólans. Skipulagsdagar Demantabæjar skólaárið 2021-2022 eru **8. október** og **16. maí**. Lokað er á skólasetningardegi og í vetrarfríum skólanna.

Demantabær er staðsettur inni í Lindaskóla á sama gangi og 1. bekkur er á morgnana. Gengið er inn Galtalindarmegin. Auk þeirrar aðstöðu, hefur frístundin aðgengi að íþróttasal skólans, heimilisfræðistofu og Lindasafni þegar við á.

Starfsemi Demantabæjar byggist á hópastarfi í bland við frjálsan leik og útivist og eru lykilorð okkar **frelsi** og **fjölbreytni**.

Starfsmenn Demantabæjar eru:

- ✓ Dagný Björt Jónsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Patrik Viggó Vilbergsson frístundaleiðbeinandi
- ✓ Kristín Dís Árnadóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Diana Kiburyte frístundaleiðbeinandi
- ✓ Símon Michael Guðjónsson frístundaleiðbeinandi
- ✓ Karen Anja K Oddgeirsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Hafdís Eygló Unnsteinsdóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Linda Peneze frístundaleiðbeinandi
- ✓ Karen Dís Hafliðadóttir frístundaleiðbeinandi
- ✓ Anna Halldóra Snorradóttir frístundaleiðbeinandi

Forstöðumaður Demantabæjar er Kristín Lillý Kjærnested.

Símanúmer Demantabæjar er 441 3026.

Til að sækja: **1. bekkur** - 621 4178, **2. bekkur** - 621 4179 og **3. og 4. bekkur** - 621 4180

Allar umsóknir í frístundina og breytingar á vistunartíma eru gerðar í gegnum þjónustugátt Kópavogs eða umsóknarvefinn vala.is. Sækja þarf sérstaklega um afslátt af dvalargjöldum í frístundina í gegnum gáttina en systkinaafsláttur kemur sjálfkrafa ef systkini er í vistun í frístund, leikskóla eða hjá dagforeldri í Kópavogsbæ.
Hér er hægt að sjá gjaldskrá frístunda Kópavogs.

# Vikuskipulag Demantabæjar

| | Mánud. | Þriðjud. | Miðvikud. | Fimmtud. | Föstud. |
|---|---|---|---|---|---|
| Kl. 13:20 | Börnin mæta | Börnin mæta | Börnin mæta | Börnin mæta | Börnin mæta |
| Kl. 13:45-15:15 | Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til | Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til | Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til | Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til | Íþróttabörn fara í kaffi og hafa sig til |
| Kl. 14:00-15:00 | Kaffitímar | Kaffitímar | Kaffitímar | Kaffitímar | Kaffitímar |
| Kl. 13:30-15:50 | Frjáls leikur | Frjáls leikur<br>Föndur | Frjáls leikur<br>(borðtennis 3. og 4.b)<br>Föndur | Frjáls leikur | Frjáls leikur<br>Föndur |
| Kl. 13:30-15:50 | Útivist | Útivist | Útivist | Útivist | Útivist |
| Kl. 14:10-15:50 | Íþróttasalur 1. b<br>(Jóga - hugleiðsla)<br>Íþróttasalur 3. og 4. b | Dansparti 1. b | Íþróttasalur 2. b<br>(Jóga - hugleiðsla)<br>Íþróttasalur 1. b | Íþróttasalur 1. b<br>Íþróttasalur 2. b<br>Íþróttasalur 3. og 4. b | Íþróttasalur 3. og 4. b<br>Íþróttasalur 2. b |
| Kl. 14:10-15:30 | Jóga – hugleiðsla 3. og 4.b<br>Textíll 2. – 4. b<br>Dansparti 2. b | Matreiðsla 3. og 4. b<br>Ipad 3. og 4. b | Matreiðsla 3. og 4. b | Matreiðsla 2. b<br>Smíði 2. - 4. b<br>Leiklist 3. og 4. b.<br>Sögustund 1. b | Skák 1.- 4. b |
| Kl. 15:50-17:00 | Ávaxtastund / róleg stund | Ávaxtastund / róleg stund | Ávaxtastund / róleg stund | Ávaxtastund / róleg stund | Ávaxtastund / róleg stund |